



HRUNAMANNAHREPPUR

2. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 9. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN MÁNUDAGINN 2. JÚLÍ 2018

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 2. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Samþykktir Hrunamannahrepps: Seinni umræða.

Oddviti lagði fram tillögu á breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingar í samræmi við umræður á fundinum og felur sveitarstjóra að afla staðfestingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á breytingunum.

2. Öldungaráð Hrunamannahrepps: Skipun.

Oddviti lagði fram tilnefningar Félags eldri borgara í Hrunamannahreppi um þrjá fulltrúa þeirra í Öldungaráð Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn skipar því í Öldungaráð Hrunamannahrepps þau Önnu Ipsen, Magnús H. Sigurðsson, Kristínu Garðarsdóttur, Halldór Guðnason og Þröst Jónsson. Þá liggja fyrir á fundinum upplýsingar frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga að öldungaráð sveitarfélagana taki við því lagahlutverki sem þjónustuhópum aldraðra hefur verið falið að sinna skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarstjórn felur oddvita að boða til fyrsta fundar ráðsins.

3. Persónuverndarmál.

Oddviti fór yfir stöðu persónuverndarmála vegna aðlögunar að nýrri persónuverndarlöggjöf. Sveitarstjórn samþykkir að skoðað verði að ráða sameiginlegan persónuverndarfulltrúa sem Héraðsskjalasafn Árnesinga myndi ráða til sín fyrir sveitarfélögin. Þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra að vinna að persónuverndarstefnu fyrir Hrunamannahrepp.

4. Hrunaljós: Lánasamningur.

Oddviti fór yfir lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir Hrunaljós vegna lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Hrunaljóss hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 30.000.0000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánessamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til lagningar á ljósleiðara í sveitarfélaginu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps og Hrunaljóss að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að

- móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.
5. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfis Gömlu Laugarinnar.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Gömlu Laugarinnar ehf um rekstarleyfi til sölu veitinga í flokki II í Gömlu Lauginni. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við veitingu leyfisins en óskar eftir við samþykki leyfis að afrit þess verði sent til sveitarfélagsins.
 6. **Motus: Stöðuyfirlit.**
Oddviti kynnti stöðuyfirlit frá Motus.
 7. **Heilsueflandi skóli: Áskorun.**
Oddviti fór að nýju áskorun frá starfsfólki Flúðaskóla um niðurgreiðslu í sund og tækjasal eða komi á fót hvatagreiðslum fyrir starfsfólk sveitarfélagsins. Sveitarstjórn vísar málinu til nýrrar nefndar lýðheilsu- og æskulýðsmála til umfjöllunar og jafnframt til gerðar starfsmannastefnu fyrir sveitarfélagið. Kolbrún víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
 8. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
 9. **Sólheimar: Fasteignagjöld.**
Oddviti kynnti beiðni frá eigendum Sólheima um niðurfellingu á fasteignagjöldum á eign 050101 sem er skráð safn í fasteignaskrá. Sveitarstjórn samþykkir að fresta málinu og felur oddvita og sveitarstjóra að funda með eigendum safnsins.
 10. **Slysavarnarfélagið Landsbjörg og Ferðaklúbburinn 4x4: Uppsetning endurvarpa í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti beiðni Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Ferðaklúbbursins 4x4 um uppsetningu á VHF endurvarpa í Kerlingarfjöllum í tilraunaskyni í sumar. Sveitarstjórn veitir leyfi fyrir uppsetningunni en kappkostað verði að frágangur á verkstað verði góður og umhverfisáhrif framkvæmdarinnar lágmarkuð eins og kostur er.
 11. **Bókasafn Hrunamanna: Árskýrsla 2017.**
Oddviti kynnti ársskýrslu bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 956 og lánaðar voru út 1799 bækur yfir árið sem er nokkur fækkun. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 368 bækur. Sveitarstjórn þakkar Ingu Jónu fyrir góða skýrslu.
 12. **Aðalskipulag Hrunamannahrepps: Ákvörðun skv. 35. gr. skipulagslaga.**
Oddviti fór yfir að skv. 35. gr skipulagslaga þurfi sveitarstjórn að meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið og tilkynna til Skipulagsstofnunar. Þar sem endurskoðað aðalskipulag Hrunamannahrepps tók gildi í janúar s.l. telur sveitarstjórn ekki þörf á endurskoðun aðalskipulagsins.
 13. **Skipun vinnuhóps um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis.**
Oddviti fór yfir skipun fimm manna vinnuhóps um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis. Verkefni hópsins á kjörtímabilinu er að gera fýsileikakönnun á uppbyggingu og rekstri hentugar stærðar hjúkrunarheimilis og á félagslegum búsetuúrræðum. Hópurinn skal skila skriflegri skýrslu til sveitarstjórnar með hugmyndum sínum og mögulegum útfærsluleiðum. Við vinnu sína skal vinnuhópurinn kanna hug nágrannasveitarfélaga til samvinnu, mögulega aðkomu ríkisvaldsins og annarra atriða sem til þess eru fallin að auka mögulega uppbyggingu hjúkrunarheimilis í heimabyggð. Að öðru leyti hefur vinnuhópurinn frjálslar hendur um nálgun verkefnisins innan ramma fjárhagsáætlunar. Skýrslunni skal skilað innan tveggja ára til að sveitarstjórn hafi möguleika á að hrinda hugmyndum hennar í framkvæmd hugnist henni það. Greidd verða nefndarlaun fyrir setu í hópnum.
Sveitarstjórn frestar að skipa í vinnuhópinn til næsta fundar sveitarstjórnar.
 14. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 9. ágúst kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

15. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 19. fundar apríl-júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar nefndarinnar. Þar var fjallað um skipulagðar gönguferðir í Hrunamannahreppi sumarið 2018. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
16. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 20. fundar frá 17. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar nefndarinnar. Á fundinum var farið yfir skipulag verslunarmannahelgarinnar 2018. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
17. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 12. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar nefndarinnar. Þar var farið yfir tilnefningu fyrir umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps árið 2018. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og óskar Ninu og Yaroslav til hamingju með verðlaunin.
18. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 14. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar nefndarinnar. Farið var yfir nokkur mál er tengjast næstu fjallferð, þá stöðu að skipa þarf nýjan fjallkóng, girðingarmál, o.fl. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
19. **Veitustjórn: Fundargerð 1. fundar frá 29. júní.**
Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar stjórnar þar sem farið var yfir samninga milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf vegna stöðvarhús við Kópsvatnsholuna, kaup á hreinsistöð við Félagsheimilið á Flúðum, Hitaveitu Grafarhverfis, málefni Hrunaljóss, fundartíma nefndarinnar, stöðu á hreinsibifreið og kaup á mælum fyrir veiturnar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

20. **Fundargerð 158. fundar Skipulagsnefndar frá 14. júní s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 30. maí s.l.**
Mál nr. 23: Holtabyggð 112. Deiliskipulagsbreyting.
Lögð fram umsókn Fögrusteina þar sem óskað er eftir deiliskipulagsbreytingu fyrir frístundabyggð í Syðra Langholti IV. Breytingartillaga felur í sér að byggingarreitur á lóð 112 er stækkaður til að koma húsi fyrir á grúspúða sem er kominn.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að breytingin sé óveruleg og samþykkir tillöguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.
Mál nr. 26: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
Lagðar fram fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. maí s.l.
21. **Fundargerð 159. fundar Skipulagsnefndar frá 28. júní s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 13. júní s.l.**
Mál nr. 23: Dalaland 6. Deiliskipulagsbreyting.
Lögð fram umsókn eiganda Dalalands 6 um skilmálabreytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir frístundabyggðar Dalalands, Hólaþýfis í landi Reykjadal. Óskað er eftir því að nýtingarhlutfall lóðarinnar verði hækkað í 0,03, þ.e. að hægt verði að byggja 130m² frístundahús og allt að 40m² gestahús.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að hækka nýtingarhlutfall í 0,03 og að aðalhús geti verið allt að 130m² og að gestahús/aðstöðuhús geti verið allt að 40m² fyrir svæðið og jafnframt að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Mál nr. 29: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
Lagðar fram fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 13. júní s.l.
22. **Stjórn UTU bs. Fundargerð 53. stjórnarfundar frá 21. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 53. fundar stjórnar UTU bs. Þar var ákveðið að Björgvin Skafti Bjarnason verði formaður stjórnar UTU bs. og Halldóra Hjörleifsdóttir verði varaformaður. Þá var farið yfir rekstur UTU og starfsmannamál rædd m.a. vegna uppsagnar skipulagsfulltrúa. Að fundi loknum fundaði formaður með starfsmönnum UTU.
23. **Stjórn UTU bs. Fundargerð 54. stjórnarfundar frá 28. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 54. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fallað um uppsögn skipulagsfulltrúa og ákveðið að Rúnar Guðmundsson starfandi byggingafulltrúi taki einnig að sér starf skipulagsfulltrúa þar til annað verður ákveðið. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og samþykkir að Rúnar Guðmundsson gegni einnig starfi skipulagsfulltrúa.

Önnur mál:

24. Umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun á frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.

Í frummatsskýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir áhrifum uppbyggingar Hálandismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum vegna fjögra valkosta. Í frummatsskýrslunni er einnig gerð góð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, umhverfi og umhverfisáhrifum mismunandi valkosta og telur sveitarstjórn að framkvæmdaaðili hafi gert fullnægjandi grein fyrir öllum þeim þáttum. Sveitarstjórn telur einnig að ekki sé sérstök þörf til að kanna aðra þætti en sem fram koma í skýrslunni og mótvægisáðgerðum og vöktun hafi verið gerð fullnægjandi skil af hálfu framkvæmdaaðila. Framkvæmdaaðili þarf að óska eftir byggingarleyfi eftir atvikum og leyfi til að gera breytingar á deiliskipulagi frá sveitarfélaginu eftir því hvaða valkostir verða fyrir valinu. Einnig kunna einstakar framkvæmdir að vera háðar sérstökum framkvæmda- eða stöðuleyfum af hálfu sveitarfélagsins.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Eignarhaldsfélag Suðurlands: Aðalfundargerð frá 23. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 12. fundar frá 30. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 533. stjórnarfundar frá 1. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Tónlistarskóli: Kostnaðarskipting sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: fundargerð 187. fundar frá 31. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 34. stjórnarfundar frá 18. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Bergrisinn bs.: Fundargerð aukaaðalfundar frá 18. júní s.l.**
Oddviti fór yfir fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans bs en þar var undir 6. lið fjallað um byggingu sjö íbúða þjónustukjarna fyrir fatlað fólk á Selfossi en fyrir liggur samþykki Íbúðalánasjóðs um stofnframlag. Þá var undir 8. lið fjallað um tillögu að keypt yrði íbúðahús á Selfossi undir úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að ráðist verði í bæði verkefni.
- h. **Háskólafélag Suðurlands: Árskýrsla 2017.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- i. **Hrunaljós: Verkfundargerðir.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Rammasamingur ríkisins.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Landskerfi bókasafna. Aðalfundargerð 2018 frá 30. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 860. fundar frá 18. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Jafnréttisstofa: Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **SASS: Kynning á niðurstöðum um áhuga leiðbeinenda í leikskólum á Suðurlandi. til að stunda hagnýtt nám í leikskólafræði.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Menntastefna.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- p. SASS: Fundur fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum 15. ágúst n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- q. Héraðsnefnd Árneseinga: Fundur 16. júlí n.k á Selfossi.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- r. Uppsveitarorka ehf.: Ársreikningur 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- s. Límtré Vírnet.: Ársreikningur 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- t. Háskólafélag Suðurlands: Ársreikningur 2017.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:40.